

Mál nr. 250/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/búslóðatryggingar (flutningstryggingar)

Tjón á búslóð sem flutt var með Reykjafossi til Íslands.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.11. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.12. 2006, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M tilkynnti vátryggingafélaginu um skemmdir á búslóð (hjóli, fartölvu, kontrabassa og lútu). Tjónamatsmaður félagsins telur að kontrabassinn og lútan hafi ekki verið hæf til flutnings vegna óhæfra umbúða og lélegs frágangs sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið vísar til vátryggingaskilmála lið C grein 2 þar sem fram kemur að vátryggingin bætir aldrei tap eða skemmdir eða kostnað sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum eða af lélegum frágangi á hinu vátryggða. Félagið hefur boðið M kr. 600.000 í bætur án viðurkenningar á bótaskyldu ef það gæti verið til að leysa málið en M hefur ekki samþykkt tilboð félagsins.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á geiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Miðað við málátilbúnað aðila tekur nefndin enga afstöðu til þess tilboðs sem vátryggingafélagið hefur gert M.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 15. desember 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.